

Síldarminjasafn Íslands ses.
Ársreikningur 2019

Síldarminjasafn Íslands ses.
Snorragata 10
580 Siglufjörður
Kt. 661006-1530

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið er sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur.

Aðalstarfsemi félagsins er að annast og reka Síldarminjasafn Íslands ásamt því að hafa umsjón með söfnun og tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja, tengdum síldveiðum og iðnaði.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri félagsins á árinu 0,4 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 97,8 millj. kr. í árslok. Eigið fé félagsins í árslok nam 83,6 millj. kr. að meðtöldu stofnfé að fjárhæð 36,6 millj. kr.

Stjórn og framkvæmdastjóri Síldarminjasafns Íslands ses. hafa í dag rætt ársreikning safnsins fyrir árið 2019 og staðfest hann með undirritun sinni.

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa nú skapast vegna Kórónuveirunnar Covid-19. Veruleg óvissa er um hvaða áhrif þessi staða mun hafa á félagið. Það er þó mat stjórnenda félagsins að ekki sé vafi um rekstrarhæfi vegna þessa. Sjá nánar í skýringu nr. 8.

Síglufirði, 10/5 2020

Í stjórn safnsins:

Guðmundur Skarphéðinsson
Gunnar Júlíusson
Ólafur S. =
Þórunn Ólafur Sveinsson

Framkvæmdastjóri:

Antonia

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Síldarminjasafns Íslands ses.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Síldarminjasafns Íslands ses. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil vissa en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.


Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 10.5 2020

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2019

		2019	2018
Rekstrartekjur			
Opinber framlög		10.000.000	10.400.000
Styrkir og gjafir		5.799.999	7.636.511
Tekjur af rekstri		43.483.723	41.784.795
Tekjur vegna verkefna		24.850.000	23.250.000
		<u>84.133.722</u>	<u>83.071.306</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	27.790.002	17.891.411
Rekstur fasteigna		6.003.230	6.589.843
Verkefnakostnaður		37.887.330	50.123.797
Annar rekstrarkostnaður		11.374.580	7.933.020
		<u>83.055.142</u>	<u>82.538.071</u>
Rekstrarhagnaður.....		1.078.580	533.235
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		1.002	11.765
Vaxtagjöld		(629.877)	(248.267)
		<u>(628.875)</u>	<u>(236.502)</u>
Rekstrarhagnaður ársins	5	<u>449.705</u>	<u>296.733</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

		2019	2018
Eignir			
Fasteignir		92.030.462	92.030.462
	Fastafjármunir 4	<u>92.030.462</u>	<u>92.030.462</u>
Vörubirgðir		5.306.667	5.540.567
Viðskiptakröfur		442.223	2.049.020
Skammtímakröfur		6.600	73.700
Handbært fé		44.849	42.891
	Veltufjármunir	<u>5.800.339</u>	<u>7.706.178</u>
	Eignir samtals	<u><u>97.830.801</u></u>	<u><u>99.736.640</u></u>
Eigið fé			
Stofnfé		36.569.366	36.569.366
Annað eigið fé		13.715.000	13.715.000
Óráðstafað eigið fé		33.289.546	32.839.841
	Eigið fé 5	<u>83.573.912</u>	<u>83.124.207</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	6	0	1.218.811
	Langtímaskuldir	<u>0</u>	<u>1.218.811</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		5.498.261	5.772.584
Viðskiptaskuldir		2.178.902	4.339.154
Næsta árs afborganir langtímaskulda	6	1.218.811	1.218.811
Aðrar skammtímaskuldir		5.360.915	4.063.073
	Skammtímaskuldir	<u>14.256.889</u>	<u>15.393.622</u>
	Skuldir samtals	<u>14.256.889</u>	<u>16.612.433</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>97.830.801</u></u>	<u><u>99.736.640</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður ársins	5	449.705	296.733
Veltufé frá rekstri		<u>449.705</u>	<u>296.733</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Birgðir, lækkun (hækkun)		233.900	(4.793.350)
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		1.673.897	(1.645.306)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(862.410)	806.315
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>1.045.387</u>	<u>(5.632.341)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>1.495.092</u>	<u>(5.335.608)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(1.218.811)	(1.218.811)
Skammtímalán, breyting		(274.323)	5.772.584
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(1.493.134)</u>	<u>4.553.773</u>
Breyting á handbæru fé		1.958	(781.835)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>42.891</u>	<u>824.726</u>
Handbært fé í árslok		<u>44.849</u>	<u>42.891</u>

Skýringar

1. Félagið

Síldarminjasafn Íslands ses. („Félagið“) er íslensk sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur. Lögheimili hennar er að Snorrögötu 10 á Siglufirði. Starfsemi stofnunarinnar felst í safnarekstri.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning við afhendingu vörunnar. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er innt af hendi.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði. Engar afskriftir eru færðar.

d. Birgðir

Birgðir af aðkeyptum vörum eru metnar á síðasta innkaupsverði.

e. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2019	2018
Laun	33.292.072	26.963.380
Launatengd gjöld	7.101.213	5.609.186
Laun og launatengd gjöld samtals	40.393.285	32.572.566
Launakostnaður færður á verkefnakostnað	(12.603.283)	(14.681.155)
Laun og launatengd vegna rekstrar	27.790.002	17.891.411
Fjöldi ársverka á árinu	6,0	5,2

Laun framkvæmdastjóra námu 9.823 þús. kr. á árinu 2019 en námu 8.562 þús. kr. árið áður. Ekki var um sérstakar greiðslur vegna stjórnarlauna að ræða.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir
Bókfært verð 1.1.2019	92.030.462
Bókfært verð 31.12.2019	92.030.462

Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat fasteigna nam í árslok 517.375 þús. kr., fasteignamat 123.870 þús. kr. og lóðarmat 22.962 þús. kr.

Skýringar, frh.:

5. Eigið fé

Stofnfé félagsins nam 36.569 þús. kr. í árslok 2019.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Stofnfé	Annað eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2018	36.569.366	13.715.000	32.543.108	82.827.474
Hagnaður ársins			296.733	296.733
Eigið fé 31.12.2018	36.569.366	13.715.000	32.839.841	83.124.207
Hagnaður ársins			449.705	449.705
Eigið fé 31.12.2019	36.569.366	13.715.000	33.289.546	83.573.912

6. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:	2019	2018
Skuldir í íslenskum krónum:		
Óverðtryggt lán	1.218.811	2.437.622
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	1.218.811	2.437.622
Næsta árs afborganir	(1.218.811)	(1.218.811)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	0	1.218.811

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Árið 2019	-	1.218.811
Árið 2020	1.218.811	1.218.811
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	1.218.811	2.437.622

7. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar eru stjórn, stjórnendur, lykilstarfsmenn, makar þeirra og börn á þeirra framfæri.

Viðskipti við lykilstjórnendur

Laun stjórnenda má sjá í skýringu nr. 3. Félagið átti engin viðskipti við stjórnendur á árinu.

8. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

COVID-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins, s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin mun verða eftir að honum lýkur. Vænta má að áhrif á rekstur safnsins verði umtalsverð. Það er mat stjórnenda félagsins að ekki sé unnt á þessum tímapunkti að leggja mat á áhrif á safnið í ljósi framangreindrar óvissu sem og óvissu um hver endanleg viðbrögð stjórnvalda munu verða. Safnið hefur brugðist við þessum aðstæðum meðal annars með því að gera áætlanir til að mæta rekstrarvanda safnsins vegna COVID-19 faraldursins. Með hliðsjón af aðgerðum ríkisstjórnarinnar, ágætri stöðu félagsins í dag auk hagræðingaaðgerða telur stjórn og stjórnendur að safnið muni verða rekstrarhæft um fyrirsjáanlega framtíð.